

Raðganga: Jökulsárgljúfur að austan

Í sumar bryddar Ferðafélagið Norðurslóð upp á nýju gönguverkefni á félagssvæði sínu, en það er raðganga upp með Jökulsárgljúfrum að austan. Gengið verður í fjórum áföngum upp að Dettifossi, fyrstu tveir áfangarnir í sumar og seinni tveir sumarið 2017. Þetta eru fáfarnar slóðir í ævintýrlegu umhverfi gjúfranna.

Nú er komið að fyrstu göngunni, **sunnudaginn 5. júní nk.**

Gengið um Borgirnar og upp að Gloppu þar sem farið verður ofan í gljúfrin. Mæting kl. 13:00 að Vestaralandi.

Ekkert þátttökugjald, allir eru velkomnir.

Allar nánari upplýsingar á ffnordurslod@simnet.is eða síma 892-8202.



Mynd: Ingibjörg Eggertsdóttir

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 1. júní 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
21. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 1. júní 2016

**Kaffi
Ljósfang**

Sumarið er komið!

Kaffi Ljósfang á Raufarhöfn opnar miðvikudaginn 1. júní kl. 17:00 –20:00. Stéttarfélagið Framsýn stendur fyrir sínu árlega kaffiboði í tilefni sjómannadagsins í Kaffi Ljósfangi föstudaginn 3. júní frá kl. 16:00 -18:00.

Boðið verður upp á kaffi og heimsins bestu tertur frá Kvenfélaginu á Raufarhöfn. Ekki missa af því kæru félagar. Frá og með 5. júní verður opið alla daga frá kl. 11:30-21:30.

Gott úrval veitinga og listmuna.

Ath! Opnunartími laugardaginn 4. júní *sjómannadag Raufarhafnar* verður opið frá kl. 14:00.-18:00.

Ljósálfar



Sumarvinna

Óskum eftir starfsmanni í 50% starf við ræstingar og þvott í júní, júlí og ágúst. Sveigjanlegur vinnutími frá 11-16.

Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefnar í síma 849-3536.

Listasmiðjan á Laugum, Breiðanesi, 650 Laugar.

Opin vinnustofa, sýningarrými og gallerí.

Fullbúið keramikverkstæði, laus vinnurými til útleigu.

Í sumar verður yfirlitssýning á nokkrum verkum Anitu Karinar og innsetningar í útilistarýminu *Arthouse Mousetrap*.

Opnunartími í júní - júlí - ágúst:

Öll þriðjudags- og fimmtudagskvöld kl. 20-22.

Alla sunnudaga kl. 15-18.

Einnig er hægt að opna eftir samkomulagi í s: 698 5161.

www.artinlaugar.com - www.listasmidjan.is



Kvennahlaup ÍSÍ 2016



Ágætu konur á öllum aldri!

Kvennahlaup ÍSÍ á Kópaskeri verður að þessu sinni haldið **laugardaginn 4. júní 2016.**

“Hlaupið” verður frá **Heilsugæslustöðinni á Kópaskeri** og lagt af stað **klukkan 11.**

Konum á öllum aldri er heimil þátttaka í að hlaupa, skokka eða ganga **2,5 km** eða **5 km.** Engin forskráning, bara mæta.

Þátttökugjald er **1.000 kr.** fyrir 12 ára og yngri og **2.000 kr.** fyrir 13 ára og eldri. Innifalið í gjaldinu er bolur og verðlaunapeningur. Einnig verður **Kristall** í boði Ölgerðarinnar og glaðningur frá **NIVEA.**

Nánari upplýsingar gefur Sidða í sínum 4652345 eða 8607743

Blómasala

Kvenfélag Öxfirðinga verður með blómasölu við sundlaugina í Lundi föstudaginn. 10 júní n.k. á milli klukkan 16-18 eða á meðan að birgðir endast.

Blóm, matjurtir, kryddjurtir og jafnvel tré og runnar - allt frá Sólskógum gróðrastöð í Kjarnaskógi.

Reynt verður að koma til móts við óskir áhugasamra ef send er beiðni á póstfangið; stina61@gmail.com.

Við verðum ekki með posa á staðnum.

f.h kvenfélagsins,

Kristín og Anka





Þá fer að líða að sumarfríi ☺ Lokað er á hárgreiðslustofunni frá og með 16. júní og til og með 7. júlí. Svo fer ég aftur í frí 26. júlí og kem til baka 18. ágúst. Muna að panta tímanlega í sumar þar sem ég verð mikið í frí og sniðugt að panta núna ef þið viljið koma á milli fría ☺

Hlakka til að sjá ykkur

Eygló Jónasdóttir

Sunnuvegur 10, bílskúr

Þórshöfn

Sími 867-7908

Starfsmaður/menn óskast

Starfsmaður/menn óskast á bíla- og vélaverkstæðið Röndina ehf á Kópaskeri.

Viðkomandi þarf að vera menntaður í viðgerðum/málmiðngreinum og/eða vanur viðgerðum og viðhaldi á bílum og tækjum.

Bæði um tímabundið- sem og framtíðarstarf er að ræða.

Kostur er ef viðkomandi getur komið til starfa sem fyrst.

Nánari upplýsingar og fyrirspurnir eru veittar á staðnum eða í síma: 465-2124, eða hjá Ómari í síma: 849-2276.

HREFNA

Sýning Þórarins Blöndal verður opnuð sunnudaginn 5.júní kl.14:00. Þórarinn hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í mörgum samsýningum hér á landi og erlendis.

Hann er einnig þekktur hönnuður sýninga og hannaði sýningu í Fræðasetri um forystufé ásamt Finni Arnari Arnarsyni.

Sýningin HREFNA verður uppi í allt sumar og hægt að skoða hana á opnunartíma Fræðaseturs um forystufé.

FRÆÐASETUR UM FORYSTUFÉ

1.júní opnaði Fræðasetur um forystufé og verður það opið alla daga milli 11:00 og 18:00 til 31.ágúst.

Tilvalið er að koma í heimsókn, fá sér okkar rómaða kaffi, njóta menningar og skoða sýningu

